



**Sjálfsvígshugsanir og
sjálfsvígstilraunir
meðal íslenskra
ungmenna:**

**Niðurstöður kannana
í framhaldsskólum frá
2000 til 2016**

September 2018



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health



RANNSÓKNIR & GREINING
Icelandic Centre for Social Research and Analysis

*Sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir meðal
íslenskra ungmenna:
Niðurstöður kannana í framhaldsskólum frá
2000 til 2016*

September 2018

Höfundar:

Ingibjörg Eva Þórisdóttir

Lýðheilsufræðingur
Rannsóknir og greining

Sigrún Danielsdóttir

verkefnastjóri geðræktar
Svið áhrifaþátta heilbrigðis
Embætti landlæknis

Salbjörg Bjarnadóttir

verkefnastjóri
Svið eftirlits og gæða
Embætti landlæknis

Útgefandi:

Embætti landlæknis
Barónsstíg 47
101 Reykjavík
www.landlaeknir.is

Reykjavík 2018

© 2018 Rannsóknir og greining

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án þess að geta heimildar.

Sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna: Niðurstöður kannana í framhaldsskólum frá 2000 til 2016

Skýrsla unnin af
Rannsóknum og greiningu
fyrir Embætti landlæknis

Samantekt

Í þessari skýrslu er sjónum beint að sjálfsvígshugsunum, sjálfsvígstilraunum, sjálfsskaða og hugsunum um sjálfsskaða á meðal íslenskra framhaldsskólanema frá árunum 2000 til 2016. Litið er yfir þróun yfir tíma og forspárþætti þess að hugsa um sjálfsvíg og gera sjálfsvígstilraun.

Niðurstöður sýna að sjálfsskaði jókst meðal stúlkna á árunum frá 2010 til 2016. Árið 2016 höfðu 22% stúlkna hugsað um að skaða sig 5 sinnum eða oftar yfir ævina og 13% stúlkna höfðu skaðað sig 5 sinnum eða oftar yfir ævina. Hugsanir um sjálfsskaða eru nátengdar hugsunum um sjálfsvíg. Ungmennni sem höfðu hugsað um að skaða sig einhvern tíma á ævinni voru 24 sinnum líklegri til að hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg og 21 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til þess. Ungmennni sem höfðu skaðað sig einhvern tíma á ævinni voru 13 sinnum líklegri til að hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg og 24 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfsvígs. Ungmennni sem höfðu skaðað sig 5 sinnum eða oftar á ævinni voru 33 sinnum líklegri til þess að hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg og 42 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfsvígs heldur en þeir sem höfðu aldrei skaðað sig.

Um helmingur stúlkna og rúmlega þriðjungur drengja í framhaldsskólum hafa upplifað að einhver greini þeim frá sjálfsvígshugsunum. Á milli áranna 2000 og 2016 helst hlutfallið nokkuð óbreytt en árið 2010 voru talsvert færri sem höfðu upplifað það að einhver hafði sagt þeim frá því að vera að hugleiða sjálfsvíg, eða um 36% stúlkna á móti 28% drengja. Árið 2016 þekktu 55% stúlkna og 38% drengja einhvern sem hafði reynt sjálfsvíg. Frá fyrstu mælingu árið 2000 og fram til ársins 2016 helst hlutfallið óbreytt fyrir stúlkur en fyrsti og síðasti tímamunkturinn eru með hæsta gildið og því var hlutfallið lægra á árunum á milli og lægst var það árið 2010 þegar 45% stúlkna þekktu einhvern sem hafði reynt sjálfsvíg. Árið 2000 þekktu 43% drengja einhvern sem hafði reynt sjálfsvíg og lægst var hlutfallið árið 2013 þegar einn af hverjum þremur svarar því játandi.

Á 13 ára tímabili frá árinu 2000 til 2013 lækkaði hlutfall þeirra sem þekktu einhvern sem hafði fallið fyrir eigin hendi úr 38% í 25% á meðal stelpna og úr 29% í 18% meðal drengja. Hlutfallið hækkaði hins vegar aftur árið 2016 og þá þekktu 30% stúlkna og 22% drengja einhvern sem hafði tekið líf sitt. Aðspurð hvort einhvern nákominn hafi gert tilraun til sjálfsvígs svarar um 35% stelpna og 25% stráka því játandi árið 2000 á móti 40% stelpna og

26% stráka árið 2016. Um 1 af hverjum 10 ungmennum hafa átt góðan vin eða einhvern nákominn sem fallið hafði fyrir eigin hendi.

Fleiri ungmenni sögðust í alvöru hafa hugleitt sjálfsvíg árið 2016 en árin á undan eða 33% stelpna og 23% stráka árið 2016 samanborið við 27% stelpna og 23% stráka árið 2000. Rúmlega helmingur þeirra sem sögðust í alvöru hafa hugleitt sjálfsvíg höfðu sagt einhverjum frá því.

Hlutfall drengja í framhaldsskólum sem hafa gert tilraun til sjálfsvígs hefur haldist stöðugt í kringum 5% til 7% frá 2000 til 2016. Hjá stúlkum má greina breytingar yfir tímabilið. Hlutfall þeirra sem hafði gert tilraun til sjálfsvígs var 9% árið 2000, hækkaði í 11% í næstu mælingu árið 2004 og lækkaði niður í 7% lækkaði árið 2010 og tók aftur að hækka til 2016 þegar að 12% stúlkna í framhaldsskólum höfðu gert tilraun til sjálfsvígs.

Sjálfsvígsatferli annarra eykur líkur á sjálfsvígshugsunum og sjálfsvígshegðun meðal ungmenna í framhaldsskólum Nemendur sem höfðu upplifað það að einhver greindi þeim frá sjálfsvígshugsunum voru tæplega tvöfalt líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs og til þess að hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg. Nemendur sem áttu góðan vin eða einhvern nákominn sem hafði gert tilraun til sjálfsvígs voru tæplega þrefalt líklegri til þess að hafa sjálf gert tilraun til sjálfsvígs og 1,5 sinnum líklegri til þess að hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg. Einnig voru þeir sem höfðu átt góðan vin eða einhvern nákominn sem hafði tekið líf sitt 1,4 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs og 1,2 sinnum líklegri til þess að hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg.

Notuð var tvíkosta lógítísk aðhvarfsgreining til að meta gagnlíkindahlutfall og 95% öryggisbil fyrir það að hugleiða sjálfsvíg og gera tilraun til sjálfsvígs. Sterkustu sjálfstæðu áhættuþættirnir fyrir sjálfsvígshugsanir voru einkenni þunglyndis, reiði, sjálfsvígshugsanir annarra, það er ef einhver hafði sagt viðkomandi frá hugleiðingum um sjálfsvíg, kynferðisofbeldi og lítill stuðningur foreldra í þessari röð. Sterkustu sjálfstæðu áhrifaþættirnir fyrir tilraun til sjálfsvígs voru ef vinur eða einhver nákominn hafði gert tilraun til sjálfsvígs, þunglyndi, reiði, að hafa verið beittur kynferðisofbeldi og að hafa reykt kannabis um ævina.

Meðal annarra sjálfstæðra áhættuþátta juku lítill stuðningur foreldra, lítill stuðningur vina og það að hafa orðið viðskila við vin líkurnar á sjálfsvígshugsunum og tilraun til sjálfsvígs. Stúlkur voru 1,2 sinnum líklegri til sjálfsvígshugsana en drengir eftir að búið var að stjórna fyrir öðrum þáttum. Ungmenni af erlendum uppruna sem búa á heimilum þar sem er talað annað tungumál, eða íslenska og annað tungumál voru 1,6 sinnum líklegri til að hafa

gert tilraun til sjálfsvígs samanborið við ungmenni sem búa á heimilum þar sem eingöngu er töluð íslenska.

Að lokum var skoðað hvort að kynhneigð tengdist hugsunum um sjálfsvíg. Ungmenni sem sögðust laðast að sama kyni eða báðum kynjum voru borin saman við þau sem sögðust laðast að gagnstæðu kyni. Ungmenni sem sögðust laðast að báðum kynjum voru 1,4 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfsvígs og 1,7 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg eftir að búið var að taka tillit til annarra þátta.

Efnisyfirlit

Samantekt	i
Myndaskrá.....	ii
Töfluskrá	iii
Sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna: Niðurstöður kannana meðal framhaldsskólanema frá 2000 til 2016.....	1
Próun sjálfsskaða yfir tíma	3
Sjálfsvígssatferli annarra	5
Sjálfsvígshugsanir	8
Sjálfsvígstilraunir	10
Sjálfsvígssatferli annarra og tengsl við sjálfsvígshugsanir og tilraunir	11
Forspárgildi þess að hafa hugleitt sjálfsvíg eða gert tilraun til sjálfsvígss.....	12
Sjálfsvígshugsanir	12
Félagsleg einangrun	13
Líðan.....	13
Notkun ávanabindandi efna.....	14
Sjálfsvígssatferli annarra	14
Kynferðisofbeldi	15
Kynhneigð.....	15
Samantekt	16
Sjálfsvígstilraunir	17
Félagsleg einangrun	17
Líðan.....	17
Notkun ávanabindandi efna.....	18
Sjálfsvígssatferli annarra	18
Kynferðisofbeldi	18

Kynhneigð.....	19
Samantekt.....	19
Heimildir.....	23
Viðauki	25

Myndaskrá

Mynd 1 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem hafa hugleitt að skaða sig 5 sinnum eða oftar yfir ævina, þróun yfir tíma frá 2004 til 2016.	4
Mynd 2 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem hafa skaðað sig 5 sinnum eða oftar yfir ævina, þróun yfir tíma frá 2004 til 2016.	4
Mynd 3 Hefur einhver sagt þér frá því að hann eða hún væri að hugleiða sjálfsvíg? Hlutfall stúlkna og drengja sem svara játandi frá 2000 til 2016.	5
Mynd 4 Hefur einhver sem þú þekkir reynt að fremja sjálfsvíg? Hlutfall stúlkna og drengja sem svara játandi frá 2000 til 2016.	6
Mynd 5 Hefur einhver sem þú þekkir framið sjálfsvíg? Hlutfall stúlkna og drengja sem svara játandi frá 2000 til 2016.	6
Mynd 6 Hefur einhver góður vinur þinn eða einhver nákominn reynt að fremja sjálfsvíg? Hlutfall stúlkna og drengja sem svara játandi frá 2000 til 2016.. Error! Bookmark not defined.	
Mynd 7 Hefur einhver góður vinur þinn eða annar nákominn framið sjálfsvíg? Hlutfall stúlkna og drengja sem svara játandi frá 2000 til 2016.	7
Mynd 8 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem segjast einhvern tíma í alvöru hafa hugleitt sjálfsvíg, þróun yfir tíma frá 2000 til 2016.	8
Mynd 9 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem segjast oft hafa hugsað um að stytta sér aldur síðastliðna viku / síðastliðna 30 daga, þróun yfir tíma frá 2000 til 2016.	9
Mynd 10 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg og sagt einhverjum frá því, þróun yfir tíma frá 2000 til 2016.	10
Mynd 11 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem hafa gert tilraun til sjálfsvígs, þróun yfir tíma frá 2000 til 2016.	11

Mynd 12 Líkan 6. Gagnlíkindahlutfall fyrir hugsanir um sjálfsvíg á meðal framhaldsskólanema árið 2016.	16
Mynd 13 Líkan 6. Gagnlíkindahlutfall fyrir sjálfsvígstilraunir á meðal framhaldsskólanema árið 2016.	20

Töfluskra

Tafla 1

Pátttakendur í framhaldsskóla fyrirlögn Ungt Fólk rannsókna frá 2004 til 2016. 2

Tafla 2

Gagnlíkindahlutfall fyrir hugsanir um sjálfsvíg á meðal framhaldsskólanema árið 2016. 21

Tafla 3

Gagnlíkindahlutfall fyrir tilraun til sjálfsvígs á meðal framhaldsskólanema árið 2016. 22

Sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna: Niðurstöður kannana meðal framhaldsskólanema frá 2000 til 2016

Eftirfarandi skýrsla er byggð á gögnum *Ungt fólk* rannsókna sem safnað var á meðal íslenskra framhaldsskólanema á árunum 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016. Þátttakendur í rásókunnum voru þeir nemendur framhaldsskólanna sem mættir voru í kennslustund á þeim tíma sem kannanirnar voru lagðar fyrir. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur sem sóttu dagskóla í öllum framhaldsskólum á Íslandi. Árið 2000 var svarhlutfallið 70,5%, árið 2004 var svarhlutfallið 80,9%, árið 2007 var svarhlutfallið 72,2%, árið 2010 var svarhlutfallið 70,5%, árið 2013 var svarhlutfallið 75,5% og árið 2016 var svarhlutfallið 71%. Við úrvinnslu voru eingöngu notuð svör þeirra sem gáfu upp kyn og aldur. Í töflu 1 má sjá hlutfall þátttakenda á árunum greint eftir kyni og aldri.

Ungt fólk rásókna eru lagðar fyrir á vegum Rásókna & greiningar í samstarfi við mennta- og menningamálaráðuneytið. Spurningum rásókna er beint að ýmsum þáttum í lífi ungmenna sem varða hagi þeirra og líðan. Upplýsingar um aðferðir, gögn, mælitæki og úrvinnslu gagna í hverri fyrirlögn er lýst annars staðar (Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, & Jón Sigfússon, 2008; Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, & Jón Sigfússon, 2005; Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2014, 2017; Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, & Jón Sigfússon, 2011).

Mikilvægt er að styðjast við réttar upplýsingar um stöðu og þróun lykilþátta innan hvers samfélags þegar móta skal stefnu í málefnum ungs fólks. Í þessari skýrslu verður fjallað um þróun yfir tíma hvað snertir sjálfsskaðahegðun og hugsanir um sjálfsskaða, sjálfsvígshögðun og sjálfsvígshugsanir. Auk þess verða skoðaðir forspárþættir þess að hugsa um sjálfsvíg og að gera tilraun til sjálfsvígs.

Tafla 1 Þátttakendur í framhaldsskólafyrirlögn Ungt Fólk rannsókna frá 2000 til 2016, greint eftir kyni og aldri.


	Strákur		Stelpa		Heild
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
2000	4028	46,6%	4615	53,4%	8643
Yngri en 18 ára	2054	23,8%	2197	25,4%	
18 ára og eldri	1927	22,3%	2318	26,8%	
2004	5279	48,4%	5617	51,6%	10896
Yngri en 18 ára	2873	26,4%	2852	26,2%	
18 ára og eldri	2277	20,9%	2475	22,7%	
2007	5184	48,3%	5557	51,7%	10741
Yngri en 18 ára	2674	24,9%	2902	27,0%	
18 ára og eldri	2364	22,0%	2411	22,4%	
2010	5439	48,2%	5837	51,8%	11276
Yngri en 18 ára	2705	24,0%	2957	26,2%	
18 ára og eldri	2552	22,6%	2646	23,5%	
2013	5263	48,9%	5501	51,1%	10764
Yngri en 18 ára	2855	26,5%	3010	28,0%	
18 ára og eldri	2333	21,7%	2384	22,1%	
2016	5245	49,8%	5294	50,2%	10539
Yngri en 18 ára	2840	26,9%	2968	28,2%	
18 ára og eldri	2121	20,1%	2083	19,8%	

Þróun sjálfsskaða yfir tíma


Frá árinu 2004 hafa þátttakendur verið spurðir hve oft þeir hafa hugleitt að skaða sig um ævina og hve oft þeir hafa skaðað sig um ævina. Sjálfsskaði er ekki skilgreindur í spurningalistanum og því undir hverjum og einum þátttakanda komið að leggja mat á hugtakið við svörun hans. Niðurstöður benda til þess að hugsanir um sjálfsskaða og sjálfsskaði yfir ævina hafi aukist á meðal stúlkna á milli ára en haldist nokkuð óbreytt á meðal drengja.

Sjálfsskaði og hugsanir um sjálfsskaða eru nátengdar sjálfsvígshegðun og hugsunum. Niðurstöður frá árinu 2016 sýna að þeir sem höfðu hugsað um að skaða sig einhvern tímann um ævina voru 24 sinnum líklegri til þess að hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg og 21 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfvíg. Jafnframt voru þeir sem hafa skaðað sig einhvern tímann um ævina 13 sinnum líklegri til þess að hafa einhvern tíma í alvöru hugleitt sjálfsvíg og 24 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfvíg. Ungmenni sem höfðu skaðað sig 5 sinnum eða oftar á ævinni voru 33 sinnum líklegri til þess að hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg og 42 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfvíg heldur en þeir sem höfðu aldrei skaðað sig.

Á árunum 2004 til 2016 höfðu 86% til 88% drengja aldrei skaðað sig. Hlutfallið hafði haldist nokkuð stöðugt meðal stúlkna frá 2004 til 2013, en á því tímabili höfðu 81% til 84% stúlkna aldrei skaðað sig, sjá töflu 1 í viðauka. Árið 2016 verður hins vegar breyting hjá stúlkunum þar sem hlutfall þeirra sem höfðu aldrei skaðað sig fellur niður í 72%, sem er talsverð breyting frá fyrri árum. Mynd 1 sýnir hlutfall þeirra sem hafa hugsað um að skaða sig 5 sinnum eða oftar yfir ævina og mynd 2 sýnir hlutfall þeirra sem hafa skaðað sig 5 sinnum eða oftar yfir ævina. Hjá stúlkum hafa sjálfsskaði og hugsanir um sjálfsskaða aukist á undanförunum árum en árið 2016 höfðu 22% stúlkna einhvern tíman á ævinni hugleitt að skaða sig og 13% stúlkna höfðu skaðað sig einhvern tíman yfir ævina.




Mynd 1 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem hafa hugleitt að skaða sig 5 sinnum eða oftar yfir ævina, þróun yfir tíma frá 2004 til 2016.



Mynd 2 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem hafa skaðað sig 5 sinnum eða oftar yfir ævina, þróun yfir tíma frá 2004 til 2016.


Sjálfsvígssatferli annarra

Framhaldsskólanemendur eru spurðir út í reynslu af sjálfsvígssatferli annarra með fimm spurningum og eins og vænta má hafa eldri nemendur alla jafnan meiri reynslu af sjálfsvígshögðun annarra en yngri nemendur. Stúlkur hafa einnig meiri reynslu af sjálfsvígshögðun annarra en drengir. Á mynd 3 má sjá að árið 2000 og 2004 höfðu 46% stúlkna upplifað að einhver segi þeim frá sjálfsvígshugsunum á móti 36% drengja. Frá 2004 til 2016 lækkaði hlutfall þeirra sem höfðu upplifað að einhver segði þeim frá því að hafa hugleitt sjálfsvíg og var lægst árið 2010 þegar það tekur að aukast á ný. Á milli fyrsta og síðasta tímamarkspunkts er því hlutfallið óbreytt.




Mynd 3 Hefur einhver sagt þér frá því að hann eða hún væri að hugleiða sjálfsvíg? Hlutfall stúlkna og drengja sem svara játandi frá 2000 til 2016.

Stór hluti ungmenna þekkir einhvern sem hefur reynt sjálfsvíg eins og sjá má á mynd 4. Árið 2000 þekktu 43% drengja og 55% stúlkna einhvern sem hafði reynt að taka líf sitt. Fyrir stráka og stelpur var þróunin niður á við til ársins 2010 en fer svo aftur upp á við þar sem árið 2016 greindu 38% drengja og 55% stúlkna frá því að þekkja einhvern sem hafði reynt sjálfsvíg.




Mynd 4 Hefur einhver sem þú þekkir reynt að fremja sjálfsvíg? Hlutfall stúlkna og drengja sem svara játandi frá 2000 til 2016.

Aðspurð hvort ungmennin hafi þekkt einhvern sem fallið hefur fyrir eigin hendi þá verður þar fækkun frá 2000 til ársins 2013. Þróunin á þessu tímabili fer úr því að 38% stúlkna og 29% drengja þekktu einhvern sem féll fyrir eigin hendi niður í 25% hjá stelpum en 18% hjá drengjum. Árið 2016 verður hins vegar hækkun aftur þar sem 30% stúlkna og 22% drengja þekkja einhvern sem tók eigið líf, sjá mynd 5




Mynd 5 Hefur einhver sem þú þekkir framið sjálfsvíg? Hlutfall stúlkna og drengja sem svara játandi frá 2000 til 2016.



Mynd 6 Hefur einhver góður vinur þinn eða einhver nákominn reynt að fremja sjálfsvíg? Hlutfall stúlkna og drengja sem svara játandi frá 2000 til 2016.

Aðspurð hvort góður vinur eða einhver nákominn þeim hafi reynt sjálfsvíg má sjá hækkun frá árinu 2000 til ársins 2016 fyrir stúlkur en á milli þessara tveggja tímamarkna er lítil breyting hjá drengjum. Árið 2016 svöruðu alls 41% stúlkna því játandi á móti 26% drengja, sjá mynd 6.




Mynd 7 Hefur einhver góður vinur þinn eða annar nákominn framið sjálfsvíg? Hlutfall stúlkna og drengja sem svara játandi frá 2000 til 2016.

Um 1 af hverjum 10 áttu góðan vin eða einvern nákominn sem hafði tekið líf sitt, eða 12% stúlkna og 9% drengja. Lítil breyting hefur orðið á þessu hlutfalli yfir tíma eins og sjá má á mynd 7.


Sjálfsvígshugsanir

Í spurningalistunum eru tvær spurningar sem snúa að sjálfsvígshugsunum. Fyrri spurningin er hvort viðkomandi hafi einhvern tíma í alvöru hugleitt sjálfsvíg og sú seinni hve oft viðkomandi hefur hugsað um að stytta sér aldur. Á mynd 8 má sjá þróun yfir tíma hvað varðar fyrri spurninguna. Árið 2000 höfðu 27% stúlkna og 23% drengja í alvöru hugleitt að taka eigið líf. Árin 2007 og 2010 var hlutfallið komið niður í 22% stúlkna og 18% drengja en fer svo hækkandi fram að árinu 2016 þar sem ein af hverjum þremur stúlkum í framhaldsskólum hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg og tæplega einn af hverjum fjórum drengjum.




Mynd 8 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem segjast einhvern tíma í alvöru hafa hugleitt sjálfsvíg, þróun yfir tíma frá 2000 til 2016.

Seinni spurningin um fjölda sjálfsvígshugsana er svohljóðandi: Hversu oft varstu var við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku? Þú hugsaðir um stytta þér aldur. Við samanburð á milli ára þarf að hafa í huga að árin 2010 og 2013 var spurt hversu oft síðastliðna 30 daga varstu var við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi á móti einni viku hin árin. Eins og sjá má á mynd 9 sögðust sögðust rúm 2% stelpna og tæp 2% drengja árið 2000 hafa oft hugsað um að stytta sér aldur síðastliðna viku. Þróun yfir tíma var nokkuð óbreytt frá 2000 til 2007 en árið 2010 má sjá hækkun hjá strákum um 1,1% sem lækkar aftur árið 2013 og árið 2016 höfðu 3,1% stráka hugsað oft um að stytta sér aldur síðastliðna viku. Hjá stelpum má sjá hækkun um 1,4% á milli 2010 og 2013, árið 2016 höfðu tæp 4% stúlkna hugsað oft um að stytta sér aldur síðastliðna viku á móti 2,3% árið 2000.



Mynd 9 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem segjast oft hafa hugsað um að stytta sér aldur síðastliðna viku / síðastliðna 30 daga, þróun yfir tíma frá 2000 til 2016.


Af þeim 2828 nemendum sem sögðust í alvöru hafa hugleitt sjálfsvíg árið 2016 höfðu 56% sagt einhverjum frá því. Árið 2004 höfðu tæplega 51% þeirra sem höfðu hugleitt sjálfsvíg sagt frá því og árið 2010 var hlutfallið tæplega 53%. Á mynd 10 má sjá hlutfall stúlkna og drengja sem hafa sagt einhverjum frá því að hafa hugleitt sjálfsvíg.



Mynd 10 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem hafa í alvöru hugleitt sjálfsvíg og sagt einhverjum frá því, þróun yfir tíma frá 2000 til 2016.

Sjálfsvígstíraunir

Í spurningalistunum eru tvær spurningar sem snúa að sjálfsvígstíraunum. Sú fyrri snýr að því hvort viðkomandi hafi einhverntíman gert tíraun til sjálfsvígs og sú seinni hvort viðkomandi hafi gert tíraun til sjálfsvígs síðastliðna 12 mánuði. Eins og sjá má á mynd 11 hefur hlutfall drengja sem hafa einhvern tíman gert tíraun til sjálfsvígs haldist nokkuð óbreytt frá 2000 til 2016 en sveiflast meðal stúlkna um eitt til tvö prósent á milli ára og er lægst 7% árið 2010 og hæst 12% árið 2016. Eldri nemendur voru ekki líklegri en yngri nemendur til að hafa einhvern tíman gert tíraun til sjálfsvígs.



Mynd 11 Hlutfall stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem hafa gert tilraun til sjálfsvígs, þróun yfir tíma frá 2000 til 2016.

Sjálfsvígssatferli annarra og tengsl við sjálfsvígshugsanir og tilraunir

Til að meta hvort tengsl væru á milli sjálfsvígssatferlis annarra og eigin sjálfsvígshugsana og sjálfsvígstilrauna var notast við kí-kvaðrat próf. Ef kí-kvaðrat próf sýndi fram á tengsl var notast við líkindahlutfall (*odds ratio*) með 95% öryggisbili (CI) til að meta hve mikið líkurnar á sjálfsvígshugsunum og sjálfsvígstilraunum jukust við sjálfsvígssatferli annarra. Öll samböndin sem voru prófuð voru marktæk miðað við 99.9% öryggismörk.

Sjálfsvígssatferli annarra er sterkur áhættuþáttur fyrir sjálfsvígshugsanir en ungmenni sem þekktu einhvern sem hafði gert tilraun til sjálfsvígs voru þrefalt líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg (OR=3,2 CI 2,84-3,41). Þau sem áttu einhvern nákominn sem hafði gert tilraun til sjálfsvígs voru tæplega fjórum sinnum líklegri til þess að hafa sjálf hugleitt sjálfsvíg (OR=3,7 CI 3,41-4,09). Ungmenni sem þekktu einhvern sem hafði tekið eigið líf voru tvisvar sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvígs (OR= 2,2 CI 2,02-2,43) og þau sem áttu einhvern nákominn sem hafði tekið eigið líf voru tæplega þrisvar sinnum líklegri til þess að hafa sjálf hugleitt sjálfsvíg (OR=2,8 CI 2,48-3,22).

Sjálfsvígssatferli annarra er einnig áhættuþáttur fyrir tilraunir til sjálfsvígs meðal ungmenna. Þau sem þekkja einhvern sem hefur gert tilraun til sjálfsvígs voru tæplega fimm sinnum líklegri til þess að hafa sjálf gert tilraun til sjálfsvígs (CI 3,90-5,35). Hjá strákum voru líkurnar 5,5 (CI 3-59-4.78) og hjá stelpum 3,6 (CI 2,95-4,45). Líkurnar fyrir því að hafa gert

tilraun til sjálfsvígs voru tæplega 7 sinnum meiri ef einhver nákominn hafði gert slíka tilraun (OR=6,7 CI 5,81-7,86). Strákar sem áttu einhvern nákominn sem hafði gert sjálfsvígstilraun voru 7,5 sinnum líklegri til þess að hafa sjálfir gert tilraun og stúlkur í sömu stöðu voru 5,8 sinnum líklegri að hafa gert tilraun til sjálfsvígs (CI 5,95-9,55). Ungmenni sem þekktu einhvern sem hafði tekið eigið líf voru þrisvar sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfsvígs (OR=2,9 CI 2,52 -3,31) og þau sem áttu einhvern nákominn sem fallið fyrir eigin hendi voru fjórum sinnum líklegri til að hafa sjálf gert tilraun til sjálfsvígs (OR=4,27 CI 3,65-5,01).

Forspárgildi þess að hafa hugleitt sjálfsvíg eða gert tilraun til sjálfsvígs

Til þess að meta þá þætti sem spá fyrir um hvort einstaklingur hafi hugleitt sjálfsvíg eða gert sjálfsvígstilraun er notast við lógístíska aðhvarfsgreiningu. Með þessari aðferð er verið að meta líkur þess að einstaklingur hafi hugleitt sjálfsvíg eða reyna að fyrirfara sér eftir ýmsum forspárþáttum. Með þessari aðferð er hægt að skoða hvort líkurnar aukast með hverjum forspárþætti og hversu vel líkanið spáir fyrir um sjálfsvígshugsanir og tilraunir til sjálfsvígs. Líkönin eru byggð upp þar sem áhættuþáttum er bætt við í hverju skrefi. Fyrst eru tvíhliðasambönd sem sýna tengsl milli breytu og útkomubreytu án tillits við aðrar breytur. Því næst koma líkön 1-6 þar sem áhættuþáttum er bætt við í hverju skrefi.

Sjálfsvígshugsanir

Árið 2016 höfðu 2834 ungmenni einhvern tíma í alvöru hugleitt sjálfsvíg, af þeim voru 1714 stelpur og 1120 drengir. Tvíhliðasamband í töflu 2 sýnir að áður en tekið er tillit til annarra þátta eru stelpur um 1,7 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg heldur en strákar. Þessi tengsl haldast marktæk í líkani 6 þegar búið er að stjórna fyrir bakgrunnspáttum, þ.e. kyni, aldri og tungumáli sem talað er á heimili, ásamt félagslegri einangrun, líðan, notkun ávanabindandi efna, sjálfsvígsatferli annarra, kynferðisofbeldi og kynhneigð.

Viðmiðunarhópurinn fyrir aldur eru ungmenni sem eru yngri en 18 ára og viðmiðunarhópurinn fyrir tungumál á heimilinu eru heimili þar sem eingöngu er töluð íslenska. Þau sem eru eldri en 18 ára eru örlítið líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg í líkani 1 og 2 en þegar búið er að bæta við vímuefnaneyslu þá verður sambandið ómarktækt.

Félagsleg einangrun

Framhaldsskólanemar sem njóta lítills stuðnings frá foreldrum sínum eru þrefalt líklegri til að hafa hugleitt sjálfsvíg áður en aðrir þættir eru teknir með. Á sama hátt eru þeir sem njóta lítills stuðnings frá vinum 1,7 sinnum líklegri til að hafa hugleitt sjálfsvíg og þeir sem hafa orðið fyrir því að vinasamband endar eru 2,8 sinnum líklegri til þess. Þegar þessi einkenni félagslegrar einangrunar eru sameinuð við bakgrunnspætti í líkani 1og þar með tekið tillit til áhrifa frá öðrum breytum eru nemendur sem njóta lítills stuðnings foreldra áfram um 2,6 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg. Þeir sem fá lítinn stuðning vina eru áfram um 1,6 sinnum líklegri til að hafa hugleitt sjálfsvíg og þeir sem hafa orðið viðskila við vin 2,5 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg. Eftir að tekið hefur verið tillit til bakgrunnspáttu, líðanar, vímuefnaneyslu, sjálfsvígsatferlis annarra, kynferðisofbeldis og kynhneigðar eru þeir sem njóta lítills stuðnings foreldra 1,9 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg.

Líðan

Þunglyndi og reiði eru þekktir forspárþættir fyrir sjálfsvígshegðun (Sigfusdóttir, Farkas, & Silver, 2004). Í þessari skýrslu er þunglyndi metið með því að leggja saman 10 atriða kvarða þar sem spurt er um margvísleg einkenni þunglyndis. Stigafjöldi sem er 1,5 staðalfráviki frá meðaltalinu flokkast sem hátt skor á kvarðanum og er sá hópur borinn saman við hina. Reiði er metin með 5 spurningum sem svarað er á 4 punkta kvarða, spurningarnar eru lagðar saman og þeir sem skora 1,5 staðalfráviki frá meðaltalinu teljast hafa mikla reiði.

Áður en tekið er tillit til annarra þátta eru ungmenni sem skora hátt á einkennum þunglyndis 8,4 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg og þau sem skora hátt á reiði 4,4 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg. Þegar búið er að stjórna fyrir bakgrunnspáttum og félagslegri einangrun eru þau sem skora hátt á einkennum þunglyndis 4,2 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg og þau sem skora hátt á reiði 2,7 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg. Í líkani 6 (mynd 13) má sjá að líkurnar á að hafa hugleitt sjálfsvíg eru 3,4 sinnum meiri fyrir þau sem skora hátt á þunglyndiskvarðanum og 2,4 sinnum meiri fyrir þau sem skora hátt á reiði.

Notkun ávanabindandi efna

Notkun ávanabindandi efna er metin með þremur spurningum sem snúa að daglegum sígarettureykingum, að hafa orðið drukkin síðustu 30 daga og notað kannabis einu sinni eða oftari yfir ævina. Í tvíhliðasambandi eru líkurnar á því að hafa hugleitt sjálfsvíg 2,4 meðal ungmenna sem hafa notað kannabisefni einhvern tíma á ævinni, þau sem hafa orðið drukkin síðustu 30 daga eru 1,6 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg og þau sem reykja sígarettur daglega eru 4 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg. Í líkani 3, þegar búið er að stjórna fyrir bakgrunnspáttum, félagslegri einangrun og líðan, þá dregur örlítið úr þætti kannabis, mikið úr þætti reykinga og það að hafa orðið drukkin verður ómarktækt. Því er sú breyta fjarlægð fyrir áframhaldandi greiningu. Í líkani 6 (mynd 13) er neysla kannabis einhvern tíman á ævinni eina vímuefnabreytan sem er ennþá marktæk og ungmenni sem hafa notað kannabis einhvern tíman á ævinni eru 1,5 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg eftir að tekið hefur verið tillit til annarra þátta.

Sjálfsvígsatferli annarra

Við greiningu á reynslu af sjálfsvígsatferli annarra var ákveðið að nota eingöngu spurningar um sjálfsvígsatferli vina eða nákominna og hvort að einhver hefði greint ungmennum frá sjálfsvígshugsunum. Þau sem eiga góðan vin eða einhvern nákominn sem hefur gert tilraun til sjálfsvígs eru 3,7 sinnum líklegri til þess að hafa sjálf hugleitt sjálfsvíg, og þau sem höfðu átt góðan vin eða einhvern nákominn sem hafði tekið líf sitt voru 2,8 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg. Þau sem segja einhvern hafa greint sér frá sjálfsvígshugleiðingum eru 4,6 sinnum líklegri til þess að hafa sjálf hugleitt sjálfsvíg. Þegar búið er að stjórna fyrir bakgrunnspáttum (aldri, kyni og tungumáli á heimili), félagslegri einangrun, líðan og vímuefnaneyslu eru ungmenni sem hafa upplifað að einhver segi þeim frá sjálfsvígshugsunum 2,5 sinnum líklegri til þess að íhuga sjálfsvíg. Þau sem eiga góðan vin eða einhvern nákominn sem hefur gert tilraun til sjálfsvígs eru 1,6 sinnum líklegri til að íhuga sjálfsvíg og þau sem eiga góðan vin eða einhvern nákominn sem hefur fallið fyrir eigin hendi eru 1,3 sinnum líklegri til að hafa sjálf hugleitt sjálfsvíg. Í líkani 6 má sjá líkurnar þegar búið er að stjórna fyrir kynferðisofbeldi og kynhneigð en þar sést örlítill breyting þar sem þessar þrjár breytur skýra minna.

Kynferðisofbeldi

Ungmennni sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi af hálfu fullorðins einstaklings eða jafnaldra eru um fjórfalt líklegri til að hafa hugleitt sjálfsvíg. Þegar búið er að taka tillit til bakgrunnspáttá, félagslegrar einangrunar, líðanar, vímuefnaneyslu og sjálfsvígsatferlis annarra eru þau sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi af hálfu fullorðinna 1,5 sinnum líklegri til að hafa hugleitt sjálfsvíg og þau sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi af hálfu jafnaldra 1,7 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg.

Kynhneigð


Niðurstöður íslenskra rannsókna sýna að hinsegin unglingar eru líklegri til þess að hugsa um sjálfsvíg og reyna sjálfsvíg (Arnarsson, Sveinbjornsdóttir, Thorsteinsson, & Bjarnason, 2015). Hinsegin ungmenni greina frá verri líðan, meiri streitu og reiði heldur en ungmenni sem laðast að gagnstæðu kyni. Frekari greining á hinsegin hópnum sýnir að tvíkynhneigðar stúlkur eru sá hópur sem greinir frá verstri líðan (Gísladóttir, Gronfeldt, Kristjansson, & Sigfusdóttir, 2017) og því mikilvægt að skoða kynhneigð sem áhættuþátt en greina eftir þeim sem laðast að báðum kynjum, sama kyni og gagnstæðu kyni.

Ungmennni sem laðast að báðum kynjum eru þrefalt líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg heldur en þau sem laðast að gagnstæðu kyni. Þau sem laðast að sama kyni eru tvöfalt líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg heldur en þau sem laðast að gagnstæðu kyni. Sú breyta bætti þó ekki við skýringuna á líkaninu og því eru niðurstöður fyrir þá breytu ekki birtar í líkaninu. Í líkani 6 má sjá að þegar búið er að taka tillit til bakgrunnspáttá, stuðningi frá foreldrum, stuðningi frá vinum, hvort einstaklingur hafi orðið viðskila við vin, einkennum þunglyndis, reiði, vímuefnaneyslu, sjálfsvígsatferli annarra og kynferðisofbeldis þá eru ungmenni sem laðast að báðum kynjum 1,7 sinnum líklegri til að hafa hugleitt sjálfsvíg heldur en þau sem laðast að gagnstæðu kyni.

Samantekt

Líkan 6 sýnir áhættuþættina og sjálfstæð tengsl þeirra við hugsanir um sjálfsvíg þegar búið er að stjórna fyrir öðrum breytum í líkaninu. Skýringarhlutfall líkansins er nokkuð gott þar sem saman skýra áhættuþættirnar 32,1% af dreifingunni á sjálfsvígshugsunum framhaldsskólanemenda. Eftir að búið er að taka tillit til allra þátta eru þau ungmenni sem skora hátt á þunglyndiskvarðanum 3,4 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg. Þegar búið er að taka tillit til allra þátta eru þau sem mælast með mikla reiði 2,4 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg. Sjálfsvígshegðun annarra er einnig sjálfstæður áhættuþáttur og sterkastur þeirra er ef einhver annar hefur sagt frá sjálfsvígshugsunum.

Neysla kannabisefna er einnig sjálfstæður áhættuþáttur en ungmenni sem hafa notað kannabisefni eru 1,5 sinnum líklegri til að hafa hugleitt sjálfsvíg. Þau sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi eru nær tvöfalt líklegri til sjálfsvígshugsana. Jafnframt eru þau ungmenni sem laðast jafnt að báðum kynjum 1,7 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg eftir að búið er að stjórna fyrir öðrum þáttum.



Mynd 12 Líkan 6. Gagnlíkindahlutfall fyrir hugsanir um sjálfsvíg á meðal framhaldsskólanema árið 2016.

Sjálfsvígstíraunir

Árið 2016 sögðust 963 nemendur í framhaldsskólum hafa gert tilraun til sjálfsvígs einhverntíman á ævinni, eða 350 drengir og 613 stúlkur. Tvíhliðasamband í töflu 3 sýnir að áður en tekið er tillit til annarra þátta eru stelpur um 1,8 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs heldur en strákar. Í líkani 5 verða þessi tengsl ómarktæk þegar búið er að stjórna fyrir bakgrunnspáttum, þ.e. kyni, aldri og tungumáli sem talað er á heimili, ásamt félagslegri einangrun, líðan, notkun ávanabindandi efna, sjálfsvígsatferli annarra og kynferðisofbeldi. Tvíhliðasamband fyrir aldur sýnir að enginn munur er á þeim sem eru 18 ára og eldri eða yngri en 18 ára til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs. Ungmenni af erlendum uppruna sem búa á heimili þar sem erlent tungumál er talað á heimilinu eru 2,1 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs heldur en þau sem búa á heimili þar sem er eingöngu töluð íslenska. Í líkani 6 (sjá töflu 3 og mynd 14) þar sem búið er að taka tillit til annarra þátta eru ungmenni sem búa á heimili þar sem annað tungumál er talað 1,6 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs.

Félagsleg einangrun

Ungmenni sem segjast fá lítinn stuðning frá foreldrum sínum eru 3,3 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs en þau sem fá mikinn stuðning. Þau sem segjast fá lítinn stuðning frá vinum sínum eru 1,7 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs og þau sem hafa orðið viðskila við vin 3,1 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun. Í líkani 6 (sjá mynd 14) má sjá að tengslin haldast tölfræðilega marktæk þrátt fyrir að styrkur þeirra dofni nokkuð.

Líðan

Áður en tekið er tillit til annarra þátta eru ungmenni sem skora hátt á einkennum þunglyndis 7,4 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs og þau sem skora hátt á reiði 4,8 sinnum líklegri til þess að hafa hugleitt sjálfsvíg. Þegar búið er að stjórna fyrir bakgrunnspáttum og félagslega einangrun eru þau sem skora hátt á einkennum þunglyndis 3,3 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs og þau sem skora hátt á reiði 2,4 sinnum líklegri til þess að hafa gert sjálfsvígstíraun. Í líkani 6 (mynd 14) má sjá að líkurnar á

að hafa gert tilraun til sjálfsvígs eru rúmlega tvöfalt meiri meðal þeirra sem greina frá miklum einkennum þunglyndis eða reiði.

Notkun ávanabindandi efna

Í tvíhliðasambandinu eru ungmenni sem hafa notað kannabisefni einhvern tíman á ævinni 3,9 sinnum líklegri til þess að hafa gert sjálfsvígstilraun, þau sem hafa orðið drukkin 1,9 sinnum líklegri og þau sem reykja sígarettur daglega 6 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun. Í líkani 3, þegar búið er að stjórna fyrir bakgrunnsbreytum (aldri, kyni og tungumáli á heimili), félagslegri einangrun og líðan, dregur úr þætti kannabis og reykinga og það að hafa orðið drukkin verður ómarktækt. Því er sú breyta fjarlægð fyrir áframhaldandi greiningu. Í líkani 6 (mynd 14) er neysla kannabis einhvern tíman á ævinni eina vímuefnabreytan sem er marktæk og þau sem hafa notað kannabis einhvern tíman á ævinni eru tvöfalt líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs eftir að tekið hefur verið tillit til annarra þátta.

Sjálfsvígsatferli annarra

Ungmenni sem hafa upplifað að einhver greini þeim frá sjálfsvígshugleiðingum eru 5,6 sinnum líklegri til að hafa gert sjálfsvígstilraun sjálf. Þau sem eiga góðan vin eða einhvern nákominn sem hefur reynt sjálfsvíg eru 6,8 sinnum líklegri til að hafa sjálf gert sjálfsvígstilraun en þau sem eiga góðan vin eða nákominn sem hefur tekið líf sitt eru 4,3 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun. Þegar búið er að stjórna fyrir bakgrunnsþáttum, félagslegri einangrun, líðan og vímuefnaneyslu eru þau sem hafa upplifað að einhver greini þeim frá sjálfsvígshugsunum tvöfalt líklegri til að hafa sjálf gert tilraun til sjálfsvígs. Þau sem eiga góðan vin eða einhvern nákominn sem hefur gert tilraun til sjálfsvígs eru 2,7 sinnum líklegri til að hafa sjálf gert tilraun til sjálfsvígs og þau sem eiga góðan vin eða einhvern nákominn sem hefur fallið fyrir eigin hendi eru 1,7 sinnum líklegri. Í líkani 6 (mynd 14) má sjá sambandið eftir að búið er að stjórna fyrir kynferðisofbeldi og kynhneigð.

Kynferðisofbeldi

Ungmenni sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi af hálfu fullorðins einstaklings eru 7,3 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs og þau sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi af hálfu jafnaldra eru 6,2 sinnum líklegri. Þegar búið er að taka tillit til bakgrunnsþátta, félagslegrar einangrunar, líðanar, vímuefnaneyslu og sjálfsvígsatferli annarra


eru þau sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi af hálfu fullorðins einstaklings eða jafnaldra tvöfalt líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs.

Kynhneigð

Ungmenni sem laðast að báðum kynjum eru 3,3 sinnum líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs en þau sem laðast eingöngu að gagnstæðu kyni. Þau sem laðast að sama kyni eru 2,7 sinnum líklegri til að hafa gert sjálfsvígstilraun en þau sem laðast eingöngu að gagnstæðu kyni, en sú breyta lækkaði skýringuna á líkaninu og því eru þær niðurstöður ekki birtar. Í líkani 6 má sjá að þegar búið er að taka tillit til allra áhættuþátta og bakgrunnspátta eru ungmenni sem laðast að báðum kynjum 1,4 sinnum líklegri til þess að hafa gert sjálfsvígstilraun heldur en þau sem laðast aðeins að gagnstæðu kyni.

Samantekt

Þegar búið er að taka saman alla þættina í líkani 6 þá skýra þeir 31,9% af dreifingunni á sjálfsvígstilraunum meðal ungmenna í framhaldsskólum. Á mynd 14 má sjá áhættuþættina og sjálfstæð tengsl þeirra við sjálfsvígstilraunir eftir að búið er að stjórna fyrir öðrum breytum í líkaninu. Það að skora hátt á kvarða sem metur einkenni þunglyndis og reiði tvöfaldar líkurnar á að hafa gert tilraun til sjálfsvígs. Ungmenni sem hafa notað kannabis einhvern tíman á ævinni eru tvöfalt líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvígs. Sjálfsvígshegðun annarra er áhættuþáttur fyrir tilraun til sjálfsvígs og sterkastur þeirra er ef góður vinur eða einhver nákominn hefur gert tilraun. Það að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi er annar sjálfstæður áhættuþáttur sem tvöfaldar líkurnar á sjálfsvígstilraunum. Jafnframt eru ungmenni sem laðast jafn að báðum kynjum 1,4 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfsvígs heldur en þau sem laðast eingöngu að gagnstæðu kyni, þegar búið er að stjórna fyrir öðrum þáttum. Það eitt og sér bendir á mikilvægi þess að greina þennan hóp betur.



Mynd 13 Líkan 6. Gagnlíkindahlutfall fyrir sjálfsvígstilraunir á meðal framhaldsskólanema árið 2016.

Tafla 2 Gagnlíkindahlutfall fyrir hugsanir um sjálfsvíg á meðal framhaldsskólanema árið 2016.

	Tvihliðasambönd	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4	Líkan 5	Líkan 6
Kyn	1,70 (1,56, 1,86)***	1,66 (1,50, 1,83)***	1,39 (1,25, 1,55)***	1,53 (1,37, 1,71)***	1,35 (1,20, 1,51)***	1,27 (1,13, 1,43)*	1,17 (1,03, 1,32)*
Aldur	1,18 (1,08, 1,29)***	1,20 (1,09, 1,32)***	1,21 (1,09, 1,34)***	1,10 (0,98, 1,23)	---	---	--
Tungumál á heimili	1,59 (1,41, 1,80)***	1,38 (1,20, 1,58)***	1,34 (1,16, 1,56)***	1,23 (1,05, 1,44)**	1,19 (1,02, 1,39)*	1,17 (1,00, 1,37)	--
Félagsleg einangrun							
Lítill stuðningur foreldra	3,06 (2,73, 3,42)***	2,61 (2,30, 2,96)***	2,12 (1,85, 2,43)***	2,01 (1,74, 2,32)***	1,87 (1,62, 2,16)***	1,80 (1,55, 2,08)***	1,88 (1,61, 2,20)***
Lítill stuðningur vina	1,70 (1,52, 1,91)***	1,60 (1,40, 1,83)***	1,41 (1,23, 1,62)***	1,49 (1,29, 1,73)***	1,63 (1,40, 1,89)***	1,59 (1,37, 1,84)***	1,72 (1,46, 2,01)***
Viðskila við vin Líðan	2,84 (2,50, 3,10)***	2,49 (2,26, 2,75)***	2,15 (1,94, 2,38)***	2,07 (1,85, 2,30)***	1,67 (1,50, 1,87)***	1,62 (1,45, 1,80)***	1,62 (1,44, 1,82)***
Reiði	4,43 (3,93, 4,99)***		2,76 (2,40, 3,18)***	2,69 (2,32, 3,13)***	2,43 (2,09, 2,82)***	2,39 (2,05, 2,78)***	2,44 (2,08, 2,87)***
Einkenni þunglyndis	8,41 (7,24, 9,76)***		4,52 (3,81, 5,34)***	4,23 (3,54, 5,04)***	3,66 (3,06, 4,38)***	3,53 (2,96, 4,23)***	3,41 (2,81, 4,14)***
Vímuefnaneysla							
Kannabis um ævina	2,44 (2,18, 2,73)***			1,86 (1,60, 2,17)***	1,55 (1,35, 1,79)***	1,49 (1,29, 1,72)***	1,49 (1,29, 1,72)***
Drukkinn síðustu 30 daga	1,58 (1,45, 1,73)***			0,95 (0,84, 1,07)	---	---	---
Reykir daglega	3,99 (3,37, 4,73)***			1,57 (1,19, 2,06)***	1,42 (1,10, 1,84)**	1,30 (1,00, 1,69)	---
Sjálfsvígsatferli annarra							
Einhver sagt frá hugleiðingum	4,57 (4,16, 5,01)***				2,53 (2,24, 2,84)***	2,49 (2,21, 2,80)***	2,33 (2,06, 2,65)***
Vinur/nákominn gert tilraun	3,74 (3,41, 4,09)***				1,57 (1,38, 1,78)***	1,54 (1,36, 1,75)***	1,55 (1,36, 1,78)***
Vinur/nákominn framið	2,83 (2,48, 3,22)***				1,31 (1,11, 1,56)**	1,26 (1,06, 1,50)**	1,19 (0,98, 1,44)
Kynferðislegt ofbeldi							
Af hálfu fullorðins	4,36 (3,68, 5,16)***					1,52 (1,19, 1,94)**	1,85 (1,42, 2,42)***
Af hálfu jafnaldra	4,33 (3,73, 5,03)***					1,77 (1,44, 2,18)***	1,96 (1,56, 2,45)***
Aðlöðun að báðum kynjum	3,03 (2,67, 3,43)***						1,74 (1,49, 2,04)***
Nagelkerke R ²		0,136	0,234	0,243	0,305	0,312	0,321

Tafla 3 Gagnlíkindahlutfall fyrir tilraun til sjálfsvígs á meðal framhaldsskólanema árið 2016.

	Tvíhliðasambönd	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4	Líkan 5	Líkan 6
Bakgrunnur							
Kyn	1,77 (1,55, 2,03)***	1,68 (1,44, 1,95)***	1,33 (1,14, 1,56)***	1,53 (1,28, 1,83)***	1,24 (1,04, 1,49)*	1,09 (0,91, 1,32)	
Aldur	1,07 (0,93, 1,23)	---	---	---	---	---	---
Tungumál á heimili	2,13 (1,81, 2,51)***	1,83 (1,53, 2,18)***	1,81 (1,50, 2,19)***	1,71 (1,38, 2,11)***	1,74 (1,40, 2,16)***	1,66 (1,33, 2,07)***	1,57 (1,23, 2,00)***
Félagsleg einangrun							
Lítill stuðningur foreldra	3,31 (2,85, 3,83)***	2,64 (2,25, 3,09)***	2,04 (1,72, 2,42)***	1,83 (1,51, 2,21)***	1,70 (1,40, 2,07)***	1,55 (1,27, 1,90)***	1,57 (1,26, 1,95)***
Lítill stuðningur vina	1,71 (1,46, 2,02)***	1,42 (1,19, 1,70)***	1,19 (0,98, 1,44)	1,29 (1,05, 1,60)*	1,46 (1,17, 1,81)**	1,38 (1,11, 1,72)**	1,41 (1,12, 1,79)**
Viðskila við vin Liðan	3,12 (2,72, 3,58)***	2,73 (2,36, 3,15)***	2,21 (1,90, 2,58)***	2,04 (1,72, 2,41)***	1,60 (1,35, 1,91)***	1,48 (1,24, 1,76)***	1,39 (1,15, 1,68)**
Reiði	4,77 (4,11, 5,53)***		2,59 (2,18, 3,07)***	2,47 (2,05, 2,98)***	2,18 (1,80, 2,65)***	2,17 (1,78, 2,64)***	2,31 (1,87, 2,85)***
Einkenni þunglyndis	7,37 (6,30, 8,62)***		3,51 (2,92, 4,20)***	3,29 (2,69, 4,01)***	2,74 (2,23, 3,37)***	2,61 (2,12, 3,22)***	2,65 (2,13, 3,30)***
Vímuefnanevsla Kannabis um ævina	3,90 (3,35, 4,55)***			3,02 (2,48, 3,69)***	2,28 (1,89, 2,76)***	2,11 (1,74, 2,56)***	2,05 (1,67, 2,52)***
Drukinn síðustu 30 daga	1,91 (1,67, 2,19)***			0,89 (0,74, 1,07)	---	---	---
Reykir daglega	5,98 (4,97, 7,20)***			1,86 (1,38, 2,50)***	1,65 (1,22, 2,76)**	1,41 (1,04, 1,91)*	1,29 (0,922, 1,82)
Sjálfsvígsatferli annarra							
Einhver sagt frá hugleiðingum	5,57 (4,76, 6,51)***				2,01 (1,64, 2,47)***	1,94 (1,58, 2,39)***	1,87 (1,50, 2,22)***
Vinur/nákominn gert tilraun	6,76 (5,81, 7,86)***				2,68 (2,18, 3,28)***	2,59 (2,11, 3,19)***	2,71 (2,18, 3,37)***
Vinur/nákominn framið	4,27 (3,65, 5,01)***				1,74 (1,41, 2,15)***	1,62 (1,31, 2,01)**	1,41 (1,11, 1,78)**
Kynferðislegt ofbeldi							
Af hálfu fullorðins	7,29 (6,09, 8,71)***					1,95 (1,49, 2,55)***	2,10 (1,57, 2,80)***
Af hálfu jafnaldra	6,16 (5,22, 7,27)***					2,09 (1,65, 2,65)***	2,05 (1,59, 2,65)***
Aðlöðun að báðum kynjum	3,26 (2,77, 3,83)***						1,40 (1,12, 1,75)**
Nagelkerke R ²		0,115	0,200	0,232	0,304	0,317	0,319

*p<0.05 ** p<0.01 *** p<0.001

Heimildir

- Arnarsson, A., Sveinbjornsdottir, S., Thorsteinsson, E. B., & Bjarnason, T. (2015). Suicidal risk and sexual orientation in adolescence: a population-based study in Iceland. *Scandinavian Journal of Public Health, 43*(5), 497–505. <https://doi.org/10.1177/1403494815585402>
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, & Jón Sigfússon. (2008). *Ungt fólk 2007: Framhaldsskólanemar. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, & Jón Sigfússon. (2005). *Ungt Fólk 2004: Menntun, menning, tómstundur, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna. Rannsóknir meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi 2004 og 2000*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Gisladóttir, B., Gronfeldt, B., Kristjánsson, A. L., & Sigfusdóttir, I. D. (2017). Psychological Well-Being of Sexual Minority Young Adults in Iceland: Assessing Differences by Sexual Attraction and Gender. *Sex Roles, 1*–11. <https://doi.org/10.1007/s11199-017-0847-7>
- Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, & Jón Sigfússon. (2011). *Ungt fólk 2010 : framhaldsskólanemar. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, & Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2017). *Ungt fólk 2016: Framhaldsskólar. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun, heilsuhegðun og heilsuvísar, líðan, framtíðarsýn og vímuefnanotkun ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Hrefna Pálsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, & Ingibjörg Eva Þórisdóttir. (2014). *Ungt Fólk 2013: Framhaldsskólar. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun, heilsuhegðun og heilsuvísar, líðan,*

framtíðarsýn og vímuefnanotkun ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi. Reykjavík:
Rannsóknir og greining.

Sigfusdottir, ID., Farkas, G., & Silver, E. (2004). The Role of Depressed Mood and Anger in the Relationship Between Family Conflict and Delinquent Behavior. *Journal of Youth and Adolescence*, 33(6), 509–522. <https://doi.org/10.1023/B:JOYO.0000048065.17118.63>

Viðauki

Tafla 4 Hve oft hefur þú hugleitt að skaða þig um ævina? Dreifing svara hjá strákum í framhaldsskólum árið 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016.

Hve oft hefur þú hugleitt að skaða þig um ævina?					
Svarmöguleikar:	Aldrei	1 sinni	2 sinnum	3 til 4 sinnum	5 sinnum eða oftar
2004	67,6%	11,5%	6,0%	4,9%	10,0%
2007	71,5%	9,9%	4,9%	4,1%	9,6%
2010	67,5%	10,2%	6,1%	4,9%	11,3%
2013	71,0%	9,0%	5,8%	4,1%	10,1%
2016	76,4%	8,2%	3,7%	3,1%	8,6%

Tafla 5 Hve oft hefur þú hugleitt að skaða þig um ævina? Dreifing svara hjá stelpum í framhaldsskólum árið 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016.

Hve oft hefur þú hugleitt að skaða þig um ævina?					
Svarmöguleikar:	Aldrei	1 sinni	2 sinnum	3 til 4 sinnum	5 sinnum eða oftar
2004	54,6%	14,3%	8,0%	8,1%	15,0%
2007	58,7%	14,0%	7,0%	6,3%	14,0%
2010	58,8%	12,2%	8,1%	8,0%	12,9%
2013	57,8%	11,0%	7,5%	6,6%	17,1%
2016	54,7%	10,7%	6,1%	6,4%	22,0%

Tafla 6 Hve oft hefur þú skaðað þig um ævina? Dreifing svara hjá strákum í framhaldsskólum árið 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016.

Hve oft hefur þú skaðað þig um ævina?					
Svarmöguleikar:	Aldrei	1 sinni	2 sinnum	3 til 4 sinnum	5 sinnum eða oftár
2004	87,7%	5,4%	2,4%	1,7%	2,8%
2007	88,8%	4,2%	1,9%	1,7%	3,4%
2010	86,4%	4,6%	3,1%	2,1%	3,8%
2013	87,7%	4,2%	2,4%	1,8%	3,9%
2016	88,7%	3,6%	2,2%	1,8%	3,7%

Tafla 7 Hve oft hefur þú skaðað þig um ævina? Dreifing svara hjá stelpum í framhaldsskólum árið 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016.

Hve oft hefur þú skaðað þig um ævina?					
Svarmöguleikar:	Aldrei	1 sinni	2 sinnum	3 til 4 sinnum	5 sinnum eða oftár
2004	82,0%	7,0%	3,3%	3,0%	4,7%
2007	80,7%	7,7%	3,1%	2,8%	5,7%
2010	84,1%	4,9%	3,2%	2,8%	4,0%
2013	81,1%	4,9%	3,7%	3,7%	7,3%
2016	72,4%	6,5%	4,2%	3,9%	12,9%